

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 46

2. árgangur

30.11.1995

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/46/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.619 - Gencor/Lonrho) .....	01
95/EES/46/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.650 - SBG/Rentenanstalt) .....	02
95/EES/46/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.670 - Elsag Bailey/Hartmann & Braun AG) .....	02
95/EES/46/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.673 - Channel Five) .....	03
95/EES/46/05	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.674 - Demag/Komatsu) .....	04
95/EES/46/06	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.675 - Alumix/Alcoa) .....	05
95/EES/46/07	Tilkynning um samning er varðar fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.645 - Warner-Ishi Europe) .....	06

<b>95/EES/46/08</b>	Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt .....	07
<b>95/EES/46/09</b>	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 43/93 - Frakkland .....	07
<b>95/EES/46/10</b>	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 41/95 - Þýskaland .....	07
<b>95/EES/46/11</b>	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 44/95 - Spánn .....	08
<b>95/EES/46/12</b>	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki .....	08
<b>95/EES/46/13</b>	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	11

### **3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.619 - Gencor/Lonrho)

95/EES/46/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 11. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækin Gencor Ltd („Gencor“) og Lonrho plc („Lonrho“) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Impala Platinum Holdings („Implats“) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Gencor: framleiðsla og sala á ýmsum málum og steintegundum,
  - Lonrho: námugróftur og vinnsla á málmefnum, hótél, akuryrkja og almenn viðskipti,
  - Implats: framleiðsla og vinnsla á platínu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 314, 25. 11. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.619 - Gencor/Lonrho, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.650 - SBG/Rentenanstalt)****95/EES/46/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 11. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem Schweizerische Lebensversicherungs- und Rentenanstalt (Rentenanstalt), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu UBS Leben AG með kaupum á 50% hlutabréfa þess í Schweizerische Bankgesellschaft (SBG). Afgangurinn af hlutabréfum fyrirtækisins UBS Leben AG verður áfram í höndum SBG.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Rentenanstalt: líftryggingar,
  - SBG: bankastarfsemi,
  - UBS Leben AG: líf- og lífeyristryggingar, þ.e. bankatryggingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 314, 25. 11. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.650 - SBG/Rentenanstalt, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.670 - Elsag Bailey/Hartmann & Braun AG)****95/EES/46/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 11. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækið Elsag Bailey Process Automation N.V., sem er undir yfirráðum Finmeccanica S.p.A. og tilheyrir IRI-félagasamstæðunni, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Hartmann & Braun AG með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Elsag Bailey Process Automation N.V.: framleiðsla og sala á vinnslueftirlitskerfum, stjórnartækjum og framleiðslugreiningartækjum,
  - Hartmann & Braun AG: framleiðsla og sala á vinnslueftirlitskerfum, stjórnartækjum, framleiðslugreiningartækjum og gasgreiningartækjum, ásamt tæknibúnaði til notkunar í kjarneðlisfræði.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 314, 25. 11. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.670 - Elsag Bailey/Hartmann & Braun AG, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

### **Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.673 - Channel Five)**

**95/EES/46/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 11. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækin MAI plc, Pearson Television Ltd, Compagnie Luxembourgeoise de Télédiffusion (CLT) og Warburg Pincus Ventures LP öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Channel Five Broadcasting Ltd með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - MAI: fjölmiðlun, fjármálastarfsemi og markaðsrannsóknir,
  - Pearson Television Ltd: framleiðsla og dreifing á sjónvarpsefni,
  - CLT: sjónvarps- og útvarpsendingar,
  - Warburg Pincus Ventures LP: fjárfestingar á hlutabréfum í einkafyrirtækjum,
  - Channel Five Broadcasting Ltd: opnar sjónvarpsútsendingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 317, 28. 11. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.673 - Channel Five, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.674 - Demag/Komatsu)**

**95/EES/46/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 11. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækið Mannesmann Demag AG sem tilheyrir samstæðunni Mannesmann AG og Komatsu Ltd, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirlit yfir fyrirtækinu Demag Komatsu GmbH með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Mannesmann Demag AG: framleiðsla og sala á vélasmæðum og vélabúnaði, einkum vélasmæðum fyrir málmiðnað, ásamt smíðabúnaði og námubúnaði,
  - Komatsu Ltd: framleiðsla og sala á smíðabúnaði, námubúnaði og öðrum vörum,
  - Demag Komatsu GmbH: framleiðsla og sala á stórum tækjum til notkunar í námuiðnaði.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 318, 29. 11. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.674 - Demag/Komatsu, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorat B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.675 - Alumix/Alcoa)**

**95/EES/46/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 11. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem bandaríska samstæðan Aluminium Company of America („Alcoa“), öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir hluta þeirra eigna Alumix S.p.A. sem tilheyra Ente Partecipazioni e Finanziamento Industria Manifatturiera („EFIM“).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Alcoa: alls konar starfsemi víða um heim, þar með talin baxítnámuvinnsla, vinnsla á hrááli, útflöttu og pressuðu áli, endurvinnsla á notuðum áldósum,
  - Alumix: ýmis konar starfsemi, þar með talin baxítnámuvinnsla, vinnsla á hrááli, útflöttu og pressuðu áli.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 318, 29. 11. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.675 - Alumix/Alcoa, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorat B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning um samning er varðar fyrirtæki um sameiginlegt  
verkefni  
(Mál nr. IV/35.645 - Warner-Ishi Europe)**

**95/EES/46/07**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 7. 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, frá Ishikawajima-Harima Heavy Industries Ltd. („IHI“), Tókíó, og Borg-Warner Automotive, Inc. („Borg-Warner“), Delaware. Samningsaðilar hafa ákveðið að koma á fót fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í Mílanó, Ítalíu, undir heitinu Warner-Ishi Europe, S.p.A. Markmiðið með fyrirtækinu um sameiginlega verkefnið er að framleiða sjálfknúna hverfilþjöppur sem hannaðar eru af IHI til sölu til viðskiptamanna í Evrópu og Rússlandi. Fyrstu þrjú árin mun fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eingöngu annast samsetningu á hverfilþjöppum samkvæmt samningi við IHI um tæknilega aðstoð. Eftir það mun fyrirtækið algerlega annast framleiðslu á hverfilþjöppum samkvæmt einkaleyfissamningum og verkunnáttusamningum við IHI.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynnta starfsemi á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 314, 25. 11. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (nr. 32 2 296 98 00) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/35.645 - Warner-Ishi Europe, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate F-2  
Office 1/57  
150, avenue de Cortenberg  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.



**Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt 95/EES/46/08**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. október 1995 um skrár yfir áætlanir um eftirlit til að koma í veg fyrir að súnuveiki stingi sér niður sem uppfylla skilyrði um fjárstyrk frá bandalaginu árið 1996 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 269, 11. 11.1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. október 1995 um gerð skrár yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Belgíu (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 269, 11. 11.1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. október 1995 um breytingu á ákvörðun 93/590/EBE um kaup bandalagsins á mótefni gegn gin- og klaufaveiki innan ramma aðgerða bandalagsins varðandi varabirgðir af bóluafni gegn gin- og klaufaveiki (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 269, 11. 11.1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1995 um gerð skrár yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Frakklandi (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 269, 11. 11.1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1995 um fjárstuðning bandalagsins til reksturs tilvísunarrannsóknarstofu bandalagsins fyrir svínapest í Hannóver, Þýskalandi (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 269, 11. 11.1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. október 1995 um fjárstuðning bandalagsins vegna geymslu, á Ítalíu, á mótefni til framleiðslu á bóluafni gegn gin- og klaufaveiki (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 271, 14. 11.1995).

**Ríkisaðstoð  
Mál nr. C 43/93  
Frakkland****95/EES/46/09**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. í EB-sáttmálanum hvað varðar aðstoð sem Frakkland veitti prentsmiðjunni Avenir Graphique (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 309, 21. 11. 1995).

**Ríkisaðstoð  
Mál nr. C 41/95  
Þýskaland****95/EES/46/10**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 3855/91/KSE hvað varðar lán að upphæð 24,1125 milljónum DM sem ríkið Bæjaraland veitti KSE-stálfyrirtækinu Neue Maxhütte Stahlwerke GmbH (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 312, 23. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 44/95**  
**Spánn**

**95/EES/46/11**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar synjun spænskra yfirvalda á tillögu framkvæmdastjórnarinnar um að innleiða aftur rammaáætlun EB um ríkisstyrki til bílaiðnaðarins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 304, 15. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spán.

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans** **95/EES/46/12**  
**Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þróunaraðstoð hollensku ríkisstjórnarinnar til Gana, ríkisaðstoð nr. N 15/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt styrk sem þýsk stjórnvöld veittu til fyrirtækisins Mannesmannröhren-Werke Sachsen GmbH, Zeithain (heildregin rör), ríkisaðstoð nr. N 740/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að mótmæla ekki bresku verkefni sem felur í sér fjárfestingaraðstoð til skipasmíðastöðvarinnar A&P Appledore (Tyne) samkvæmt áætlun um sérstaka matstengda byggðaaðstoð í samræmi við 6. gr. sjöundu tilskipunar um aðstoð til skipasmíða, ríkisaðstoð nr. N 16/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að mótmæla ekki verkefni sem felur í sér þróunaraðstoð Spánar við Kamerún vegna smíði fiskiskipa í skipasmíðastöðvum í Galísíu í samræmi við 7. mgr. 4. gr. sjöundu tilskipunar um aðstoð til skipasmíða, ríkisaðstoð nr. N 39/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur komist að niðurstöðu um að kaup ítalska almenna svæðisbundna eignarhaldsfélagsins Friulias á minnihluta hlutabréfa í stálfyrirtækinu Ferriere Nord teljist ekki til ríkisaðstoðar, ríkisaðstoð nr. NN 14/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun vegna sambandsríkjaáætlunar til að stuðla að söluaukningu austurþýskra fyrirtækja á ákveðnum vestrænum mörkuðum, ríkisaðstoð nr. N 51/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoðaráætlun vegna byggðapróunar sem fjármögnuð er með fjárfestingarframlögum (IPR - Investeringspremiereregeling 1995-1999), ríkisaðstoð nr. N 636/94, N 642/94 og N 643/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun í tengslum við áætlun um tilraunaverkefni til að stuðla að aukinni þjálfun starfsmanna og skipulagningu fyrirtækja í nýju sambandsríkjunum, ríkisaðstoð nr. N 52/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um björgunaraðstoð og aðstoð vegna endurskipulagningar fyrirtækja í Berlín sem berjast í bökkum (sameiningarsjóður Berlínar), ríkisaðstoð nr. N 81/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um björgunaraðstoð og aðstoð vegna endurskipulagningar fyrirtækja í Saxlandi sem berjast í bökkum (sameiningarsjóður Saxlands), ríkisaðstoð nr. N 117/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um björgunaraðstoð og aðstoð vegna endurskipulagningar fyrirtækja í Saxlandi-Anhalt sem berjast í bökkum (sameiningarsjóður Saxlands-Anhalt), ríkisaðstoð nr. N 74/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um björgunaraðstoð og aðstoð vegna endurskipulagningar fyrirtækja í Mecklenburg-Vorpommern sem berjast í bökkum (sameiningarsjóður Mecklenburg-Vorpommern), ríkisaðstoð nr. N 75/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um björgunaraðstoð og aðstoð vegna endurskipulagningar fyrirtækja í Brandenburg sem berjast í bökkum (sameiningarsjóður Brandenburgar), ríkisaðstoð nr. N 181/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun vegna byggðapróunar, ríkisaðstoð nr. N 315/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska áætlun er varðar skattundanþágu, ríkisaðstoð nr. N 375/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur komist að niðurstöðu um að þýska aðstoðaráætlunin N 340/95 (Bæjaraland) um að stuðla að þróun iðngarða fyrir LMF falli ekki undir ríkisaðstoð samkvæmt 92. gr. ff, ríkisaðstoð nr. N 340/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun um byggðapróun, ríkisaðstoð nr. N 417/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð við fyrirtækið OTB Management GmbH, ríkisaðstoð nr. N 540/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoðaráætlun er varðar „Comité professionnel de développement de l'horlogerie“, ríkisaðstoð nr. N 516/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hreyfa ekki mótmælum hvað varðar aðstoð sem Ítalía ætlar að veita fyrirtækinu Sevel S.p.A. í tengslum við fjárfestingarverkefni, ríkisaðstoð nr. N 396/94 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt nýja kortlagningu á byggðaaðstoð, sem Holland tilkynnti vegna byggðaaðstoðar fyrir tímabilið 1995-1999, ríkisaðstoð nr. N 48/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun vegna efnahagsuppbyggingar og stuðnings við atvinnufyrirtæki, ríkisaðstoð nr. N 21/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun um atvinnumál og starfsþjálfun í Kantabríu, Spáni, ríkisaðstoð nr. N 350/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun til að stuðla að aukinni atvinnu í Andalúsíu, ríkisaðstoð nr. N 532/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoðaráætlun vegna rannsóknna- og þróunarverkefna á sviði flutninga, ríkisaðstoð nr. NN 110/94 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tvær spænskar aðstoðaráætlanir um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Kastilíu-León, Spáni, ríkisaðstoð nr. N 269/95 og N 270/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun vegna handiðnaðar í Kantabríu, Spáni, ríkisaðstoð nr. N 349/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þriggja ára áætlun (1995-1997) sem Ítalía lagði til til að stuðla að aukinni atvinnu, ríkisaðstoð nr. N 389/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til fyrirtækisins Janeba Bau GmbH, ríkisaðstoð nr. N 663/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsóknna- og þróunaraðstoð til að efla tækni á sviði sameiningar, ríkisaðstoð nr. N 591/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð við fyrirtækið Winterling Porzellan AG, ríkisaðstoð nr. N 650/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt sænska aðstoð við fyrirtækið Härjedalens Mineral AB, ríkisaðstoð nr. N 664/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska fjárfestingaráætlun á sviði umhverfismála í Kastilíu-León, Spáni, ríkisaðstoð nr. NN 80/95 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 298, 11. 11. 1995).

**Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir****95/EES/46/13**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
<b>95-0293-F</b>	B 11-21 A: CT2/CAI - þráðlaus símtæki (bæði til opinberra nota og einkanota)	11.12.1995
<b>95-0294-F</b>	B 11-22 A: CT2/CAI - einkamóðurstöð og tilheyrandi búnaður fyrir þráðlaus símtæki (fylgibúnaður)	11.12.1995
<b>95-0295-UK</b>	Breyting á reglugerðum um mælibúnað (lengdarmælingar)	15.12.1995
<b>95-0296-GR</b>	Úrskurður um bann við notkun á orðunum „skinn“ og „vistfræðilegur“ þegar um er að ræða markaðssetningu á klæðnaði úr gerviefni	13.12.1995
<b>95-0297-F</b>	Fyrirmæli um að sameina reglur um samsvörun gastækja við gildandi staðla þegar slík tæki eru sett upp í íbúðarhúsum og útihúsum, sem og í hjólhúsum, vélknúnum hjólhúsum og sérbúnum vöruflutningabílum	14.12.1995
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drög til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.